



Jafnlaunastefna Sveitarfélagsins Rangárþings eystra

Sveitarfélagið starfar í samræmi við lög nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Þar með talið að greidd skulu sambærileg laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, þannig að enginn kynbundinn launamunur sé til staðar. Stefnan nær til allra starfsmanna sveitarfélagsins. Tryggja skal öllum jafna möguleika til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, endurmenntunar og starfsþjálfunar.

Jafnlaunastefna sveitarfélagsins er samofin launastefnu þess og er ætlað að tryggja að jafnréttis sé gætt við allar launaákvæðanir. Með því er átt við þá stefnu að greiða öllu starfsfólki jöfn laun samkvæmt skilyrðum jafnréttislaga og þeim kröfum sem fram koma í jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012.

Með það að markmiði hefur sveitarfélagið skuldbundið sig til að:

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi í samræmi við jafnlaunastaðalinn ÍST 85:2012, það skjalfest og því viðhaldið með stöðugum umbótum.
- Innleiða verklag og skilgreina viðmið fyrir ákvarðanir launa sem tryggir að launaákvæðanir séu málefnalegar, gegnsæjar, skjalfestar og rekjanlegar.
- Tryggja að til séu starfslýsingar fyrir öll störf. Þar skulu koma fram allir meginþættir starfs, svo sem kröfur um menntun, hæfni, reynslu og þá ábyrgð sem í starfinu felst.
- Framkvæma launagreiningu árlega þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og kannað hvort til staðar sé ómálefnalegur launamunur og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki og stjórnendum.
- Bregðast við óútskýrðum og ómálefnalegum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum, kjarasamningum og starfsmati sem eru í gildi eru á hverjum tíma.
- Framkvæma innri úttekt og rýni stjórnenda árlega.
- Kynna jafnlaunastefnu fyrir starfsfólki og tryggja að hún sé aðgengileg almenningi á heimasíðu sveitarfélagsins.